

Mánudaginn 24. apríl 1967.

Nr. 245/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jóni Kolbeinssyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ákærði var við dyravörzlu í norðurdyrum Alþýðuhússins við Hverfisgötu í Reykjavík föstudagskvöldið 14. febrúar 1964. Var húsinu lokað kl. 1130. Um það leyti, er ákærði var hættur að hleypa mönnum inn, öðrum en þeim, er nauðsynjaerindi áttu, kom Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson upp á tröppu þá, sem er utan dyranna, og beiddist inngöngu á dansleik, sem í húsinu var. Ákærði, sem kveðst hafa verið að hleypa manni inn í prentsmiðjuna, taldi Ingvar Kristin Sigurð, sem var ölvaður, og fleiri menn vera fyrir sér, þá er hann vildi loka dyrunum, og stjakaði því við Ingvari Kristni Sigurði af svo miklu afli, að hann kastaðist aftur á bak niður af tröppunni, yfir gangstéttina og skall á bakið á bifreið. Hlaut hann af fallinu brot á neðri enda geislabeins í vinstra úlnið.

Ákærða var að visu rétt að visa Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni frá dyrum Alþýðuhússins. Ákærði varð samt offari, þá er hann hrinti Ingvari Kristni Sigurði aftur á bak, svo sem lýst var. Afleiðing verks þessa varðar ákærða við 218. gr. laga nr. 19/1940. En þar sem ákærði var þarna við dyragæzlu og Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson var ölvaður að ónáða hann, þykir rétt samkvæmt 1. tl. og síðustu málsgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 að fella refsingu ákærða niður og dæma hann til að greiða Ingvari Kristni Sigurðu Hjartarsyni skaðabætur, sem ákveðast kr. 15.000.00.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabótageiðslu ákærða til Alexanders Stefánssonar og um málskostnað í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákæra, Jóns Kolbeinssonar, fellur niður.

Ákærði greiði Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni kr. 15.000.00.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabótageiðslu ákærða til Alexanders Stefánssonar og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. marz 1966.

Ár 1966, föstudaginn 18. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 288/1966: Ákærvaldið gegn Jóni Kolbeinssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 13. júlí 1965, höfðað á hendur Jóni Kolbeinssyni verkamanni, Hátúni 4, Reykjavík, fæddum 2. ágúst 1906 í Ólafsvík, fyrir að hafa laust fyrir miðnætti föstudaginn 14. febrúar 1964 við dyravörzlu í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík, hrint eða stjakað svo við Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni bakarameistara, Vesturbraut 4 í Hafnarfirði, frá dyrum nefnds húss, er hann leitaði þar eftir inngöngu á dansleik, að hann hrökklaðist aftur á bak niður af tröppu utan við dyrnar, yfir gangstéttina og skall á bakið á kyrrstæða leigubíreið með þeim afleiðingum, að hann hlaut brot á neðri enda geislaþeins í vinstri úlnlið.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1939 31/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1957 24/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 15. febrúar 1964 kærði Alexander Stefánsson leigubifreiðarstjóri yfir því til rannsóknarlögreglu, að hann hefði klukkan um 2330 kvöldinu fyrr ekið vitninu Ívari Larsen Hjartarsyni að dyrum Alþýðuhússins við Hverfisgötu í leigubifreið sinni, R 1828, ökubeiðandi beðið sig að hinkra við smástund og á þeim tíma hefði dyravörður hússins, ákærði í máli þessu, hrint vitninu Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni á bifreið hans, þannig að hún skemmdist nokkuð. Nánar skýrði vitnið Alexander frá málsatvikum hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi á þá lund, að nokkrir menn hefðu verið við anddyri Alþýðuhússins, en um þröng var ekki að ræða. Þeir bræður Ívar Larsen og Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarsynir, sem vitnið taldi, að verið hefðu eitthvað undir áhrifum áfengis, keyptu aðgöngumiða af mönnum, sem þar voru staddir. Hinn síðarnefndi spurði ákærða, um leið og öðrum manni var hleypt inn, hvort honum væri heimil innganga. Svaraði ákærði því neitandi og hrinti vitninu samtímis með handleggnum frá dyrunum, þannig að það hentist aftur á bak niður af tröppunum við dyrnar, yfir gangstéttina og kastaðist með herðarnar á vinstra frambretti og hjól R 1828, og skemmdist frambrettið af þessum sökum. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt eða séð vitnið Ingvar Kristin Sigurð hafa í frammi frekju eða átroðning við dyrnar. Að sögn vitnisins kom götulögregla á vettvang, en engin skýrsla hefur frá henni borizt um mál þetta. Rannsóknarlögreglan staðreyndi, að nokkrar skemmdir voru á bifreiðinni R 1828. Vitnið Friðgeir Már Alfredsson lögreglumaður var statt um einn metra frá dyrum Alþýðuhússins föstudagskvöldið 14. febrúar 1964 og var þarna í einkaerindum. Kvaðst vitnið þá hafa séð ákærða yta manni frá dyrunum, sem hrökklaðist aftur á bak yfir gangstéttina og féll þar með höfuð og herðar á vinstra frambretti nýrrar Mercedes-Benz-bifreiðar, sem við það dældaðist eitthvað. Hélt vitnið, að þarna hefðu tveir menn verið saman, báðir ölvaðir, og þá einkum sá, sem féll á bifreiðina, „og ég býst við, að þeir hafi verið að reyna að komast inn, þó það væri löngu eftir lokun“,

sagði vitnið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 19. febrúar 1964. Við yfirheyrslu í dómi hinn 17. marz 1965 staðhæfði vitnið hins vegar, að það hefði séð manninn vera að reyna að þrengja sér inn um dyr samkomuhússins og ákærði þá ýtt við manninum til að varna honum inngöngu, maðurinn stigið eitt skref aftur fyrir sig niður á gangstéttina ofan af þröskuldinum, síðan misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig á bifreiðina. Taldi vitnið nú, að ástand mannsins og átroðningur hans við dyrnar hefðu verið meginorsök byltunnar. Ekki sagði vitnið, að þröng hefði verið við dyrnar, en aðeins nokkrir menn.

Vitnið Ívar Larsen Hjartarson kvaðst hafa komið að dyrum veitingastaðarins um klukkan 2330 og nokkru síðar hefði Ingvar Kristinn Sigurður, bróðir vitnisins, komið að, en þeir ætluðu báðir á dansleik þarna. Vitnið kvað þá bræður hafa keypt aðgöngumiða af mönnum fyrir utan og bróður sinn svo hafa gengið til dyravarðarins og spurt, hvort hann fengi ekki að fara inn á þennan miða. Vitnið sagði Ingvar Kristin Sigurð hafa borið spurningu sína kurteislega fram og ekki gert neina tilraun til að troðast inn, en dyravörðurinn hefði engu svarað málaleitan hans, heldur ýtt honum snöggt frá, þannig að hann hrasaði fram af tröppunni, sem þarna er, og áfram yfir gangstéttina og á bifreiðina R 1828, sem vitnið hafði á leigu, en ökumaður beiddi að beiðni vitnisins eftir því, að séð yrði, hvort vitnið fengi inngöngu í húsið. Við það, að bróðir vitnisins lenti á bifreiðinni, dældaðist hún eitthvað, en hann meiddist. Vitnið kvaðst svo hafa fylgt með bróður sínum í lögreglubifreið á slysavarðstofuna, en þar kom í ljós, að hann hafði handleggsbrotnað. Vitnið sagði bróður sinn hafa verið undir áhrifum vins, er þetta skeði, en ekki mikið drukkinn. Vitnið kvað dyravörðinn hafa ýtt það snöggt og óvænt við Ingvari Kristni Sigurði, að það efaðist um, að hann hefði náð jafnvæginu, áður en hann lenti á bifreiðinni, þótt hann hefði verið allsgáður. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt því nákvæma athygli, hvernig bróðir þess lenti á bifreiðinni, en taldi hann hafa borið fyrir sig höndina, sem brotnaði. Vitnið kvað framkomu Ingvars Kristins Sigurðar ekkert tilefni hafa gefið til hins harkalega viðbragðs dyravarðarins.

Vitnið Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson bakaramestari, Vesturbraut 4, Hafnarfirði, 34 ára að aldri, kvaðst í umrætt sinn hafa ætlað í veitingahúsið „Klúbbinn“ í Reykjavík ásamt Ívari Larsen, bróður sínum. Var vitnið nokkuð við skál, en alls ekki „fullur“. Margt fólk var við dyrnar í „Klúbbnum“, sem vildi

komast inn, en þetta var rétt fyrir lokun, og sáu þeir bræður, að líkur voru litlar til að komast þarna inn. Vitnið kvað bróður sinn þá hafa ákveðið að fara í Alþýðuhúskjallarann, en þangað var vitnið ekkert áfjáð að fara með honum, og skildu þeir því þarna, en skömmu síðar ákvað vitnið að fara niður að Alþýðuhúsi á eftir honum. Er þangað kom, var Ívar Larsen ekki kominn inn, en vitnið minnti, að hann væri búinn að kaupa aðgöngumiða. Vitnið kvaðst svo hafa fengið aðgöngumiða þarna fyrir utan og farið með hann til ákærða, sem var við dyrnar og var nýbúinn að hleypa inn manni og kasta öðrum út. Vitnið sagðist hafa spurt ákærða, hvort það fengi að fara inn og sýnt honum aðgöngumiða, en ákærði svaraði með einu neii. Vitnið kvaðst ekkert frekar hafa verið farið að tala við ákærða en þetta og alls ekkert hafa reynt að þröngva sér inn, er ákærði ýtti snöggt við vitninu, sem var alveg óviðbúið, svo að það hrökklaðist fram af tröppunni og skall á leigubifreið, sem stóð þarna fyrir utan, og var ökumaður hennar að tala við óeinkennisbúinn lögreglumann, sem mun hafa verið við dyravörzlu með ákærða. Vitnið kvaðst hafa borið vinstri hönd fyrir sig í fallinu með þeim afleiðingum, að það handleggsbrotnaði. Vitnið taldi ökumann leigubifreiðarinnar svo munu hafa kvatt lögregluna á vettvang, og var vitnið flutt á slysa-varðstofuna í lögreglubifreið og þar búið um brotið. Vitnið sagðist hafa verið frá vinnu í 6 vikur eftir þetta vegna handleggsbrotsins. Vitnið kvaðst telja ákærða hafa orðið valdan að meiðslum sínum með tilefnislausri hrindingu sinni.

Ákærði skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði í umrætt sinn verið við dyravörzlu í Alþýðuhúsinu. Einhvern tíma eftir lokun, eða um miðnættið, þurfti hann að hleypa inn manni, sem vann í húsinu, en þá um leið kvað hann einhverja menn hafa komið að dyrunum og ætlað inn. Sagðist ákærði hafa ýtt þeim frá hurðinni til að geta lokað. Sá hann, að einn mannanna datt við þetta á stéttina fyrir framan dyrnar, en ekki kvaðst ákærði hafa tekið eftir, hvort hann hefði lent á bifreiðinni, sem stóð framundan dyrunum. Við yfirheyrslu á dómþingi bar ákærði, að við dyrnar í greint sinn hefði verið þing manna, eða „fyllirísipartý“, sem komið hefði úr leigubifreið, er lagt var við dyrnar. Sagði ákærði mennina hafa ráðizt á sig, en hann ekki á þá. Minnti ákærða, að hann hefði verið að hleypa einhverjum út, er mennirnir réðust á dyrnar, eða verið að hleypa einhverjum í prentsmiðjuna. Kvaðst ákærði hafa reynt að loka dyrunum, en mennirnir að halda þeim opnum. Sagðist ákærði þá „bara hafa

ýtt úr dyrunum til að geta lokað“. Var þarna um 2—3 menn að ræða. Eftir þetta tókst ákærða að loka dyrunum, og kvaðst hann því ekki hafa séð, hvernig mönnunum reiddi af, enda ekki þorað að opna aftur, þar sem þvaga var fyrir utan.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 27. apríl 1964, svohljóðandi:

„Þann 15/2 1964, kl. 1000, kom hingað á Slysavarðstofuna Sigurður Hjartarson, til heimilis Vesturbraut 4, Hafnarfirði, vegna meiðsla í vinstri handlegg. En frá tildrögum meiðslanna skýrði Sigurður svo, að hann hefði staðið fyrir utan skemmtistað einn hér í borg og beðið þess, að sér yrði hleypt innfyrir. Og sem hann stendur þarna grandlaus og hugsar ráð sitt, veit hann ekki fyrri til en honum er hrint fautalega á bifreið, sem þarna stóð hjá. Kom hann niður á vinstri handlegg og fékk strax þrautir í handlegginn, einkum úlnliðinn.

Skoðun: Sigurður var nokkuð ölvaður við komuna hingað. Þroti og áberandi eymsli voru yfir neðsta hluta geislabeins (radius), einnig yfir olnbogalið og úlnlið. Kom í ljós brot í neðri enda geislabeins (radius), var brotstaða góð. [Fract. Collesi.]. Aftur var ekki sýnilegt brot í vinstri olnbogalið.

Gengið var frá meiðslum Sigurðar hér á Slysavarðstofunni, sett gipsspelka á framhandlegg og fetill.

Sigurður kom næst til eftirlits þ. 21/2. Var líðan þá eftir atvikum góð, hafði bólgan runnið nokkuð og voru umbúðir hertar.

Sigurður kom aftur til eftirlits þ. 2/3. Var líðan góð og útlit á handlegg gott. Tekin var Rtg.mynd, sem sýndi áfram góða brotstöðu. Ekki kom Sigurður síðar til eftirlits, mun hafa farið til heimilislæknis. Var hann óvinnufær í 6 vikur vegna framan-greinds slyss. Hefur nú jafnað sig vel, er þó aumur í fremsta lið baugfingurs vinstri handar. Hefur ekki minnzt á meiðsli þar fyrr.“

Tæknideild rannsóknarlögreglu hefur gert teikningu og tekið ljósmyndir af vettvangi. Samkvæmt þeim gögnum er gangstéttin þriggja metra breið, en þröskuldur 53 cm. Hæðin á uppstigi er 23.5—30 cm, uppstigið er lárétt, en götunni hallar nokkuð til vesturs. Um er að ræða venjulega útidyráhurð með tveim rúðum í, og opnast hún inn í húsið.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, telst nægilega sannað, að ákærði hafi lagt hendur á vitnið Ingvar Kristin Sigurð Hjartarson. Verður ekki talið, að hinn síðarnefndi hafi gefið tilefni til slíks, og ekki það ákærði hann áður að víkja af vetti-

vangi. Er atferli ákærða rétt lýst í ákæru, og varðar þessi háttsemi hans við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða samkvæmt þeirri grein hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga sem og bótaskilyrði 6. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. og 4. gr. laga nr. 22/1955.

Alexander Stefánsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 1.520.00 fyrir skemmdir á bifreiðinni R 1828, en gerði ekki kröfu vegna vinnutjóns. Ákærði mótmælti skaðabótakröfunni. Bótakrefjandi hefur lagt fram reikning henni til styrktar, og verður ákærði dæmdur til að greiða honum nefnda upphæð.

Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson hefur krafizt bóta úr hendi ákærða, svo sem hér segir:

- | | |
|--------------------------------------|---------------|
| 1. Vinnutap í 6 vikur | kr. 12.000.00 |
| 2. Læknishjálp | — 450.00 |
| 3. Þjáninga- og miskabætur | — 10.000.00 |

Ákærði hefur mótmælt kröfunum.

Ad. 1. Bótakrefjandi, sem er bakari að iðn, kvað vikukaup bakara ekki vera undir kr. 2.000.00. Þykir rétt að taka lið þennan til greina að fullu.

Ad. 2. Lagðir hafa verið fram reikningar fyrir kröfulið þessum, og verður ákærði dæmdur til að greiða hann.

Ad. 3. Kröfulið þessum þykir mjög í hóf stillt og verður tekinn til greina.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða bótakrefjanda skaðabætur, samtals að fjárhæð krónur 22.450.00.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, en málið flutti Skúli Pálsson, fulltrúi saksóknara ríkisins, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, krónur 4.000.00.

Njörður Snæhólm annaðist lögreglurannsókn málsins, en með dómsrannsókn þess fóru fulltrúarnir Jón A. Ólafsson og Gunnar Sæmundsson.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kolbeinsson, sæti varðhaldi 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og fellur hún niður að liðnum 2

árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og bótaskilyrði 6. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. og 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Alexander Stefánssyni, Safamýri 57, Reykjavík, kr. 1.520.00 og Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni, Vesturbraut 4, Hafnarfirði, kr. 22.450.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. apríl 1967.

Nr. 201/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Margeiri Jóni Magnússyni

(Jóhann Steinason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Okur. Brot gegn lögum um bókhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Margeir Jón Magnússon, greiði allan áfrýjun-